

Leikhúskvöldverður

Í tengslum við sýningar Freyvangsleikhússins á gamanleikritinu **Góðverkin kalla**, bjóðum við að venju upp á leikhúskvöldverð fyrir sýningar. Sýningar eru föstudags- og laugardagskvöld í mars og apríl.

Vinsamlegast hafið samband í síma **463 1500** fyrir borðapantanir og nánari upplýsingar. Lambið okkar er m.a. á sérstöku leikhúsverði **4.200** pr mann afgreitt af hlaðborði.

lambinn@lambinn.is

lamb inn

Lamb Inn Öngulsstöðum Sími 463 1500



ÉG VEIT ÞÚ KEMUR!

Vorfagnaður Karla-kórsins Hreims

verður í Ýdölum Aðaldal 25.mars kl 20,30.

Gestasöngvarar eru Margrét Eir og Gissur Páll Gissurarson og fagnaðarstjóri er Viðar Guðmundsson.

stjórnandi kórsins er Steinþór Þráinsson og píanóleikari er Steinunn Halldórsdóttir.

Söngur gleði, veislukaffi og dans á eftir.

MIÐAVERÐ 5000 KR.

Miðapantanir hjá: Árna 8939596, Bensa 8666392 og Sigga 8923955.

Forsala aðgöngumiða hefst 16.mars hjá Hársnyristofunni Toppnum á Húsavík s.4642131 og Dalakofanum á Laugum s. 4643344.

KARLAKÓRINN HREIMUR.

Aðalfundur

Búnaðarfélags Ljósavatsnshrepps

Verður haldinn í Ljósveitingabúð
Föstudaginn 17. mars kl. 13:00 .

Auk venjulegra aðalfundarstarfa verða umræður um félagsstörf bænda í héraði og formaður B.S.S.Þ mætir á fundinn.

Kosning stjórnar
(Hlöðver Pétur gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu).

Stjórnin

Fjallakvöld í Þorgeirskirkju

Fimmtudagskvöldið 23. mars kl. 20.00 ætlar Hermann Gunnar Jónsson frá Hvarfi í Bárðardal að segja frá fjallamennsku og fjallaáhuga sínum í máli og myndum í Þorgeirskirkju. Hvernig upplifir hann fjöllin, eftir hverju er hann að sækjast og hvað ber að varast? Hermann hefur mikið gengið um vesturhluta Gjögraskaga og síðastliðið vor kom út bókin Fjöllin í Grýtubakkahreppi þar sem hann gerir því svæði skil. Nú er hugur hans meðal annars á austurhluta skagans.

Kirkjukórinn ætlar að syngja fáein lög um fjöll og heiðar og óbyggðir undir stjórn Dagnýjar Pétursdóttur. Kaffi og Nóakonfekt í safnaðarstofu. Verið öll hjartanlega velkomin! Sr. Bolli



MESSA EINARSSTÖÐUM

Almenn guðspjónusta verður á Einarstöðum næstkomandi sunnudag, 19. mars klukkan 16:00.
Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.



Þingeyjarsveit Skipulagslýsing vegna tillögu að deiliskipulagi af Þingey og Skuldaþingey

[Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti](#) þann 20. október

2016 að heimila Héraðsnefnd Þingeyinga, að vinna tillögu að deiliskipulagi af Þingey og Skuldaþingey á kostnað nefndarinnar skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu dags 3. október 2016 frá frá Landslagi ehf.

Í vinnu við deiliskipulag verður virðing fyrir náttúru svæðisins, fornminjum og sögu látn ráða för, en m.a. er gert ráð fyrir að vinna við deiliskipulag muni m.a. fela í sér að skilgreina fyrirkomulag áningarstaða, minjasvæða og gönguleiða ásamt því að koma á göngutengingu með göngubrú út í Þingey og Skuldaþingsey. Markmiðið er að gera Þingey að áhugaverðum áfangsstað heimamanna og ferðamanna sem vilja í senn njóta náttúru eyjarinnar og fræðast um sögu hennar og þar með þjóðarinnar.

Þegar vinna við gerð nýs deiliskipulags hefst, skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu. Í skipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórnar við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsing mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar frá og með fimmtudeginum 16. mars til og með fimmtudeginum 6. apríl 2017. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Þingeyjarsveitar: <http://thingeyjarsveit.is/skipulagsmál/deiliskipulag/tillögur> í auglýsingu. Þeim sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna eða koma með ábendingar er gefinn frestur til og með 6. apríl til að koma þeim skriflega á framfæri til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Bjarni Reykjalin,
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar

6.Samningur – Ísland ljóstengt

Fyrir liggur samningur milli Fjarskiptasjóðs og Þingeyjarsveitar um styrkúthlutun til uppbyggingar ljósleiðarakerfa í dreifbýli á árinu 2017 sem sveitarstjóri undirritaði þann

28. febrúar s.l. Fjárhæð styrksins er 29 millj.kr.

Á fundi sveitarstjórnar þann 12. janúar s.l. samþykkti sveitarstjórn að sameina 2. og 3. áfanga ljósleiðaraverkefnisins og ljúka þannig verkefninu á árinu 2017. Í 2. og 3. áfanga er gert ráð fyrir samtals 117 tengingum og heildarkostnaði að upphæð 121 millj.kr. Þar af er þáttökukostnaður sveitarfélagsins 60,9 millj.kr. Í fjárhagsáætlun 2017 var aðeins gert ráð fyrir 2. áfanga og sveitarstjóri lagði því fram viðauka við fjárhagsáætlun að fjárhæð 25 millj.kr. vegna 3. áfanga.

Sveitarstjórn staðfestir fyrirliggjandi samning og samþykkir viðauka að fjárhæð 25 millj.kr. við fjárhagsáætlun 2017 fyrir 3. áfanga verkefnisins sem mætt verður með lántöku, með sex atkvæðum. Ragnar Bjarnason sat hjá við afgreiðslu þessa liðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:05

Arnór Benónýsson
Eiður Jónsson
Heiða Guðmundsdóttir
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Margrét Bjarnadóttir
Árni Pétur Hilmarsson
Ragnar Bjarnason



Dansæfing



Dansæfingar verða í Ljósvefningabúð
föstudagskvöldið 17. mars
frá kl.20:30-22:30.
Allir hjartanlega velkomnir
Miðaverði 1000 kr

Stjórnin



Íslenska landnámshænan

Námskeiðið er ætlað öllum sem eiga íslenskar hænur eða vilja hefja ræktun á þeim, bæði í sveit og í þéttbýli.

Kennari: Júlíus Már Baldursson landnámshænuhöndi
Haldið 18. mars í Hrafnagilshverfi í Eyjafirði

Torf- og grjóthleðsla

Haldið í samstarfi við IDUNA fræðslusetur
Íslensk byggingararfleifið, byggingar úr hefðbundnu íslensku efni, torfi og grjóti.

Kennari: Guðjón Kristinsson torfhleðslumeistari
Hefst 21. apríl á Reykjum í Ölfusi
Hefst 28. apríl á Reykjum í Ölfusi

Jörð.is

Samkvæmt nýsamþykktum rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins er skýrsluhald í Jörð.is forsenda fyrir styrkjum vegna ræktunar og landgreiðslna. Það er því mjög mikilvægt að bændur þekki vel inná forritið.

Kennari: Sigurður Jarlsson ráðunautur
Haldið 28 mars á Akureyri

Trjáfellingar með keðjusög

Hvæða tré á að fella, hvernig á að grísa skóg og hvernig er öruggast að fella tré?

Kennari: Björgvin Örn Eggertsson skógfræðingur
Hefst 28. apríl á Hólum í Hjaltadal



www.lbhi.is/namskeid • endurmenntun@lbhi.is • 433 5000

Langar þig að prófa eitthvað nýtt?

Gamli barnaskólinn Skógum auglýsir hér með veislu- og kaffisali til leigu í sumar. Þeir henta vel fyrir smærri veislur og fundi en einnig og ekki síður fyrir kaffisölu og sýningar eða sölur af ýmsum toga.

Leigjum staka daga eða helgar. Ýmsir skemmtilegir möguleikar.

Nánari upplýsingar í síma 8498902.



Dömkvöld.

Kvenfélag Fnjóskdæla, býður öllum konum á félagssvæði sínu,

á dömkvöld í salnum á Illugastöðum fimmtudagskvöldið 23 mars klukkan 20.

Stefanía frá tískuversluninni Rósin verður með til kynningar og sölu nýjasta vor og sumarfatnaðinn.

Góður afsláttur veittur, posi á staðnum.

Verið allar velkomnar.

Skemmtinefndin.

3. Samgönguáætlun

Umræður um niðurskurð á samgönguáætlun Alþingis, sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar telur það algjörlega óásættanlegt að nýsamþykkt samgönguáætlun hafi ekki verið fjármögnuð að fullu við gerð fjárlaga 2017. Áætlunin er vanfjármögnuð um 10 milljarða króna á árinu 2017 og því hefur samgönguráðherra lagt til mikinn niðurskurð á þeim verkefnum sem til stóð að framkvæma á árinu.

Fyrsti áfangi í uppbyggingu Bárðardalsvegjar sem og þriðji áfangi Dettifossvegjar, eru meðal þeirra verkefna sem samgönguráðherra leggur til að skorin verði niður. Fjármagn í flughlaðið á Akureyri mætir niðurskurði og er ekki á áætlun. Þessar framkvæmdir og fleiri sem fyrirhugað er að falla frá eru mikilvæg hagsmunamál fyrir byggðarlög í landinu og eru liður í því að styrkja innviði landsbyggðarinnar og stuðla að möguleikanum fyrir fjölbreytta uppbyggingu um allt land. Áframhaldandi fjársveldi til samgöngumála getur leitt til hruns í samgöngukerfinu sem mun koma hart niður á umferðaröryggi, ferðaþjónustu, öðrum atvinnugreinum og íbúum landsins.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar skorar á Alþingi, ráðherra og ríkisstjórn að endurskoða þessa ákvörðun og tryggja þegar það fjármagn sem gert er ráð fyrir í samgönguáætlun, þannig að uppbygging þessara samgöngumannvirkja sem og annarra um land allt komi til framkvæmda á árinu samkvæmt áætlun.

4. Erindi frá UMF Eflingu

Tekið fyrir öðru sinni erindi frá Kára Steingrímssynir f.h. Umf. Eflingar, dags. 21. ágúst s.l. þar sem sótt er um styrk til sveitarfélagsins til niðurgreiðslu á húsaleigu vegna íþróttatíma á vegum félagsins í íþróttahúsinu á Laugum. Á fundi sveitarstjórnar þann 8. sept. 2016 var erindinu vísað til Félags- og menningarmálanefndar til umfjöllunar.

Sveitarstjórn samþykkir að veita Eflingu styrk að upphæð 400 þús.kr. til að greiða húsaleigu vegna íþrótt- og æfingartíma barna og unglinga á árinu 2017. Efling stendur fyrir fjölbreyttu íþróttastarfi fyrir börn og unglinga sveitarfélagsins og hefur leitast við að bjóða upp á æfingartíma þegar líklegt er að börn og unglingar allsstaðar að úr sveitarfélaginu geti mætt. Jafnframt er sveitarstjóra falið að hefja viðræður við Framhaldsskólann á Laugum um framtíðar samstarf um notkun og rekstur íþróttahúss, sundlaugar og íþróttamannvirkja.

Ragnar Bjarnason sat hjá við afgreiðslu þessa liðar.



**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
09.03.2017**

211. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 9. mars 2017 kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Eiður Jónsson í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Rekstrarleyfi – Kjarnagerði ehf.
2. Rekstrarleyfi – Veiðifélag Reykjadalárs og Eyvindarlækjar
3. Samgönguáætlun
4. Erindi frá UMF Eflingu
5. Samningur – Ísland ljóstengi 2017

Til kynningar:

- A. Fundargerð 847. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- B. Unglingalandsmót UMFÍ 2020 og landsmót UMFÍ 50+ 2019
- C. Samstarfsyfirlýsing um eftirfylgni úttektar á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á leik- grunn- og framhaldsskólastigi

1. Rekstrarleyfi – Kjarnagerði ehf.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 22. febrúar s.l. þar sem Atli Dagsson f.h. Kjarnagerðis ehf. sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga við Breiðanes í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvari um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

2. Rekstrarleyfi – Veiðifélag Reykjadalárs og Eyvindarlækjar

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 26. febrúar s.l. þar sem Ari Teitsson f.h. Bollastaða veiðihúss, sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga að Bollastöðum í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvari um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.



Styrkir til lista- og menningarstarfs og íþróttar og æskulýðsstarfs

Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2017. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **27. mars n.k.**

Styrkir til íþróttar og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttar og æskulýðsstarfs á árinu 2017. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **27. mars n.k.**

Ath. minnum styrkþega 2016 á að skilað inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.

Félags- og menningarmálanefnd
Þingeyjarsveitar



Handverk og hönnun Markaðssetning og verðlagning

Seigla – miðstöð sköpunar, laugardaginn 18. mars 2017
kl. 11:00-13:30

Dagskrá:

Hugmynd – hönnun - vara

Birna Kristín Friðriksdóttir hönnuður og eigandi Gjósku segir frá reynslu sinni af tilurð Gjósku, helstu hindrunum og gefur góð ráð.

Markaðssetning og verðlagning handverks og hönnunar

Sunneva Hafsteinsdóttir framkvæmdastjóri Handverks og hönnunar

Tengslanet – Vefsíða Creative Momentum

Hulda Jónsdóttir verkefnastjóri Creative Momentum

Þátttaka á málþinginu er endurgjaldslaus en skráning fer fram á netfanginu: anita@thingeyjarsveit.is

Viðburðurinn er samstarf *Seiglu – miðstöð sköpunar* og Norðurslóðaverkefnisins *Creative Momentum* sem er á vegum Eypings. Seigla er eitt af skapandi rýmum (Creative spaces) sem taka þátt í verkefninu.

Sunneva Hafsteinsdóttir býður upp á ráðgjafaviðtöl að lokinni dagskrá. Tilgreina þarf við skráningu hvort óskað er eftir ráðgjafaviðtali.

Þeir sem hafa áhuga á að skrá sig á vefsíðu Creative Momentum (MyCreativeEdge) geta óskað eftir aðstoð við skráningu na að lokinni dagskrá. Tilgreina þarf við skráningu ef óskað er eftir slíkri aðstoð.

Viðburðurinn er tekinn upp og verður aðgengilegur á heimasíðu Creative Momentum



II. tbl.
15. mars
2017
24. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



Rökkurkórinn Skagafirði.

Kórinn leggur land undir fót og verður með tónleika í Þorgeirskirkju laugardaginn 18. mars kl 14:00
Kórinn flytur dagskrá í bundnu og óbundnu máli sem fjallar um sveitarómantíkina og ber yfirskriftina
Ég vil fara uppí sveit.

Stjórnandi og undirleikari. Thomas R Higgerson
Höfundur texta milli laga. Björg Baldursdóttir

Inngangur er 2500.- ekki tekið við kortum.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Kórfélagar.



Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla

Prjónakaffi verður á bókasafninu
fimmtudagskvöldið 16. mars kl. 19:30 – 21:30.
Komum saman með handavinnu og eigum
notalega kvöldstund.